

Umsögn um þingskjal 111 — 111. mál.

Tillaga til þingsályktunar um fjarnám á háskólastigi

Háskóli Íslands

23. mars 2023

### Efni tillögunnar:

Samkvæmt þingsályktuninni yrði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra falið að skipa starfshóp til að vinna aðgerðaáætlun um frekari eflingu fjarnáms með áherslu á þróun stafrænna kennsluhátta á háskólastigi. Erindisbréf hópsins fæli m.a. í sér eftirfarandi áherslur:

- a. gæði og þróun stafrænna kennsluhátta,
- b. aukið framboð fjarnáms, bæði námsleiða og einstakra námskeiða,
- c. allt nám sem mögulegt er að verði fjarnám verði það nema eðli námsins krefjist staðnáms sérstaklega,
- d. réttindi og hlutverk nemenda, hvort sem þeir stunda fjar- eða staðnám,
- e. samfélagslegt hlutverk háskóla,
- f. hlutverk stjórnvalda í stuðningi við fjarnám á háskólastigi.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 2023.

### Umsögn:

Háskóli Íslands hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að efla stafræna kennsluhætti og einnig fjarnám á völdum sviðum. Hefur skólinn í því augnamiði m.a. innleitt nýtt stafrænt námssumsjónarkerfi, stafrænt prófakerfi og stafrænt stundatöflukerfi. Þá hefur Háskólinn mótað skýra stefnu um gæðaviðmið og gæðakröfur um fjarnám (rit um þróun fjarnáms við HÍ má nálgast hér: [https://setberg.hi.is/sites/setberg.hi.is/files/2023-03/NM-013460\\_Fjarnám\\_HÍ%20\(1\).pdf](https://setberg.hi.is/sites/setberg.hi.is/files/2023-03/NM-013460_Fjarnám_HÍ%20(1).pdf)) og stigið markviss skref til að hringa stefnu um fjarnám í framkvæmd (sjá hlutann „Almennt um fjarnám við Háskóla Íslands“ hér að neðan). Háskóli Íslands fagnar öllum þeim stuðningi sem stjórnvöld geta veitt skólanum í þeirri viðleitni að styrkja stafræna kennsluhætti og efla fjarnám á völdum námsleiðum. Sérstaklega er mikilvægt að hugað sé að gæðaviðmiðum fjarnáms á öllum stigum. Starfshópur á vegum ráðherra eða á vegum samstarfsnets opinberu háskólana gæti gagnast vel í því samhengi.

Háskóli Íslands gerir á hinn bóginn mjög alvarlegar athugasemdir við fram komna þingsályktunartillögu. Háskólinn telur að það ógni sjálfstæði innlendra háskóla fari stjórnvöld að hlutast til um kennsluhætti við skólana eins og virðist lagt til með þessari þingsályktunartillögu (sjá stafliði a og b hér að ofan en einkum lið c). Það er á forræði hvers háskóla að meta hvaða kennsluhættir henta best hverju sinni, miðað við eðli námsgreina, og þarfir og aðstæður nemenda og kennara. Við háskólana starfa þeir einstaklingar sem mesta þekkingu og reynslu hafa af framkvæmd háskólakennslu, hvort heldur er í staðnámi eða fjarnámi.

Háskólinn gerir einkum athugasemd við lið c) hér að ofan sem virðist vera kjarninn í tillögunni. Þar er lagt til að „allt nám sem mögulegt er verði fjarnám nema eðli námsins krefjist staðnáms sérstaklega“. Hér væru stjórnvöld ekki aðeins að hlutast til um kennsluhætti háskólanna heldur einnig að gera það með mjög afgerandi hætti án þess að til komi rannsóknir eða fullnægjandi rök. Eins og áður sagði hefur Háskóli Íslands lagt áherslu á að efla fjarnám á völdum námsleiðum. Byggist sú stefna m.a. á ólíkum aðstæðum í nemendahópum, ólíkum þörfum og aðstæðum nemenda, og ólíku eðli námsgreina eftir fræðasviðum. Sem dæmi má nefna að í sumum námsgreinum hefur verið boðið upp á fjarnám fyrir einstaklinga sem þegar hafa hafið starfsferil sinn, stofnað fjölskyldu, keypt húsnæði úti á landi o.s.frv. Mikið hagræði er að fjarnámi fyrir slíka nemendur. Öðru máli kann að gegna um nemendur sem hefja háskólanám strax að loknu stúdentsprófi. Vert er að halda því til haga að komið er til móts við staðnemendur utan af landi með ýmsum öðrum hætti en fjarnámi, t.d. með framboði húsnæðis á stúdentagörðum.

Í þingsályktunartillögunni virðist horft fram hjá mikilvægi staðnáms og kostum þess. Háskóli Íslands hefur lagt áherslu á staðnám m.a. til að efla námssamfélagið, tengslamyndun milli nemenda og sem aðferð við að draga úr brottfalli. Samkvæmt þingsályktunartillögunni er lagt til að staðnám verði undantekning sem réttlæta þurfi sérstaklega. Einnig er vert að benda á að umtalsverðs ruglings

virðist gæta um tengsl hugtakanna „fjarnáms“ annars vegar og „rafræns náms“ eða „stafræns náms“ hins vegar í greinargerð með þingsályktunartillögum. Stundum virðist þetta tvennt lagt að jöfnu, en stundum er gerður greinarmunur þar á milli. Sem dæmi má nefna að þegar vikið er aftur að lið c) í greinargerðinni segir: „Sett verði raunhæf tímamörk um að allt nám verði rafrænt eins fljótt og mögulegt er“. Hér er rafrænt nám komið í stað fjarnáms fyrr í skjalinu. Færa má rök fyrir því að allt nám við Háskóla Íslands sé nú þegar stafrænt eða rafrænt a.m.k. að hluta. Nemendur nota stafrænt námssumsjónarkerfi, taka flestir rafræn próf o.s.frv. Fjarnám er annað og meira en stafrænir kennsluhættir og það þarf að þróa sérstaklega af kostgæfni. Þess má líka geta að þegar Háskóli Íslands mótaði sér árið 2018 stefnu um að stórefla stafræna kennsluhætti var það ekki síst til að efla staðnám og bæta þjónustu við staðnemendur. Þessi innleiðing stafrænna kennsluhátta hefur gengið vonum framár og nýtist vitaskuld einnig þróun fjarnáms.

Þessi samsláttur á „rafrænu námi“ og „fjarnámi“ er afdrifaríkur fyrir þingsályktunartillögum. Málshefjendur átta sig á því að hægt er að gera nám stafrænt á stuttum tíma – þeir nefna kovíðatímamann í því samhengi – og virðast draga af þeirri staðreynd þá ályktun að breyta megi öllu staðnámi í fjarnám á ekki svo löngum tíma. En fjarnám er sérstök tegund af námi sem lýtur sérstökum gæðaviðmiðum. Það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að breyta námsleið úr staðnámi í fjarnám, óháð því hvort slíkt sé æskilegt eða ekki. Það er líka mjög kostnaðarsamt að reka fjarnám samhliða staðnámi. Afar varasamt er að draga ályktanir um þróun fjarnáms út frá viðbrögðum innlendra háskóla við nýafstöðnum heimsfaraldri þar sem boðið var upp á svokallað „neyðarfjarnám“.

Þótt Háskóli Íslands leggist alfarið gegn þingsályktunartillögum í núverandi mynd, fagnar skólinn sem fyrr segir öllum þeim stuðningi sem stjórnvöld geta veitt skólanum í þeirri viðleitni að styrkja stafræna kennsluhætti og efla fjarnám á völdum námsleiðum. Ýmis atriði í þingsályktunartillögum er vert að skoða vel og mætti vel hugsa sér að stofna starfshóp þar um. Á þetta ekki síst við um hvernig styrkja megi gæði fjarnáms og efla enn frekar stafræna kennsluhætti með stuðningi stjórnvalda. Hér að neðan er gerð stuttlega grein fyrir þeirri vinnu sem þegar hefur átt sér stað innan Háskóla Íslands og tengist stafliðum a) til f) á listanum hér að ofan.

### **Almennt um fjarnám við Háskóla Íslands:**

Á árunum 2021-2026 er og verður sérstakt átak í þróun fjarnáms þar sem tækjabúnaður, sérfræðiþekking og stuðningur við kennara verður eflur með hliðsjón af inngildingum og algildri hönnun. Samhliða verður námsframboð í fjarnámi aukið og það gert sýnilegra. Kennsluvið HÍ styður þær deildir sem vilja endurskoða fjarnám, setja á stofn fjarnámsleiðir samhliða staðnámi eða skipta úr staðnámi yfir í fjarnám.

Stefna HÍ, sem er aðgengileg hér: <https://stefna.hi.is/>, tekur á gæðum og þróun stafrænna kennsluhátta. Mikilvægt er að hafa í huga að stafrænt námssumhverfi styður við bæði stað- og fjarnám. Þá er einnig kveðið á um aukið framboð fjarnáms í stefnu HÍ bæði hvað varðar námsleiðir og einstök námskeið.

Í stefnu skólans og áætlun um fjarnám við HÍ eru skilgreind réttindi og hlutverk nemenda hvort sem þeir stunda fjar- eða staðnám og samfélagslegt hlutverk háskóla, þó vissulega megi skerpa á þeim þáttum og skilgreina betur og um leið kalla á aukið framboð fjarnáms í námsgreinum sem eftirspurn er eftir í samfélaginu út frá jöfnuði og byggðajafnrétti. Hvað varðar hlutverk stjórnvalda í stuðningi við fjarnám á háskólastigi er mikilvægt að stjórnvöld skilgreini sitt hlutverk mun betur hvað varðar stuðning, þar er fjármagn til að efla og auka fjarnám gríðarlega mikilvægur þáttur. Þá væri einnig ein leið að mat á gæðum fjarnáms heyrði undir ráðuneytið.

Þess má að lokum geta að Háskóli Íslands sótti, ásamt nokkrum öðrum innlendum háskólum, um styrk úr Samstarfi háskóla til að efla sameiginlegt átak innlendra háskóla um fjarnám en umsóknin fékk ekki brautargengi að þessu sinni.

### **Niðurstaða:**

Háskóli Íslands leggst gegn þingsályktunartillögu um fjarnám á háskólastigi í núverandi mynd. Hún er til þess fallin að veða að sjálfstæði innlendra háskóla og auk þess er tillagan að ýmsu leyti vanreifðuð.